



### 103. aðalfundur hestamannafélagsins Fáks

Haldinn 12. maí 2022 klukkan 20:00 í félagsheimili Fáks.

Aðalfundur hestamannafélagsins Fáks fyrir starfsárið 2021 var haldinn í félagsheimili Fáks þann 12. maí 2022 og hófst kl: 20:20.

Formaður setti fundinn og minntist látinna félaga frá síðasta aðalfundi, síðan gerði hann tillögu um að Sigurbjörn Magnússon yrði fundarstjóri og var það samþykkt. Fundarstjóri lagði til að fundarritari yrði Þórunn Eggertsdóttir og var það samþykkt.

Fundarstjóri lýsti því yfir að hann hefði kannað boðun fundarins og væri hún í samræmi við ákvæði samþykktta félagsins og þá væru mættir til fundarins 30 félagsmenn og 30 félagsmenn þyrftu að mæta á fundinn svo hann teldist lögmætur. Fundarstjóri lýsti því næst fundinn lögmætan og tilkynnti að fjallað yrði um starfsárið 2022. Var gengið til dagskrár. Fundarstjóri óskaði eftir því að fjallað yrði um lið 1 og 2 saman áður en umræður yrði leyfðar. Ekki var hreyft andmælum við því.

#### Dagskrá:

##### 1. Skýrsla stjórnar.

Formaður félagsins, Hjörtur Bergstað, flutti skýrslu stjórnar fyrir árið 2021. Félagsstarfið gekk bærilega, þrátt fyrir Covid aðstæðna og takmarkanna. Mótahald voru með hefðbundnu sniði nema Gæðingamótið okkar sem við héldum með nágranna okkar, hestamannafélaginu Spretti og tókst það vel þrátt fyrir að skráning og þáttaka hefði mátt vera meiri. En móta hald hefur haldið sér að miklu leyti. Vetrarleikar og önnur móti voru skemmtileg og á sínum stað. Formaður tók fram að sjálfbóðaliðar félagsins gera okkur kleift að halda mótin og verður það seint fullþakkað.



Nýtt deiliskipulag um svæðið í Almannadal er nánast í höfn, vantar einungis einn stimpil eða svo og mun klárast á næstu dögum. Það er nauðsynlegt að lóðaeigendur byrji og haldi áfram að byggja.

Reiðskólarnir á svæðinu héldu uppi góðu starfi árið 2021, unnu í kringum Covid takmarkanir og erum við hæstánægð með starfsemi þeirra. Við viljum halda áfram góðu samstarfi við þá.

Reiðveganefnd undir dyggri stjórn Dagnýjar Bjarnadóttur hefur verið öflug og verið upptekin í að henda ýmsum hugmyndum í framkvæmd og eiga þau hrós skilið. Þar má nefna nýtt deiliskipulag í Rauðhólnum, nýr reiðvegur fyrir ofan Almannadal í samvinnu við Landsnet og Reykjavíkurborg, þar sem við fengum að yfirtaka veg sem Landsnet þurfti að leggja og þar bættist við enn ein reiðleiðin á Hólmsheiðinni. Við höfum verið dugleg að búa til nýjar reiðleiðir og höfum við fengið fjármagn til þess, en okkur hefur síðan skort að fá fjármagn til að halda reiðvegum við. Nú fékkst fjármagn og styrkur til þess sem við nýtum til þess að laga eldri reiðvegi.

Fræðslunefnd hefur unnið gott og öflugt starf, innlendir og erlendir reiðkennrarar hafa komið og fræðslukvöld. Sumir hafa fundist það vera um of, en það er aðallega vegna plássleysis reiðhallar. Og það er það sem liggar mest á er að reiðhallir verði byggðar og þar kemur fyrst og fremst reiðhöll í Almannadal. Einnig minntist formaðurinn á Stóru Fákshöllinni sem hefur verið kynnt síðustu vikur. En það eru nokkrir Fáksmenn sem eru í forsvari á þeirri hugmynd og mun Fákur styðja það verkefni.

Bókin, Fákur – þarfasti þjónninn í Reykjavík, formaður notaði tækifæri og þakkaði Helga Sigurðsson og ritnefndinni sem og fólkini sem tók þátt í kappreiðunum sem voru á milli fólks til að sækja styrki til að þessi bók yrði að veruleika.

Formaður talaði um 100 ára afmælisár Fáks, nú 2022 og nefndi þar frábæra stórsýningu og sýnikennslur yfir daginn. Árshátíð Fáks var haldin hátíðlega þann 23.apríl síðastliðinn og var öllu til tjaldað það kvöld. Framundan er Gæðingamót okkar sem er jafnframt úrtaka til Landsmóts sem og risastórt Reykjavíkurmeistaramót í tilefni afmælisárs.



## 2. Ársreikningar 2021.

Gjaldkeri félagsins, Hlíf Sturludóttur, fór yfir ársreikninga félagsins fyrir rekstrarárið 2021. Að framsögu lokinni fóru fram umræður um skýrslu stjórnar og reikninga. Gjaldkeri og framkvæmdastjóri svöruðu þeim fyrirspurnum sem fram komu. Að þeim loknum bar fundarstjóri upp ársreikning 2021 var hann samþykktur samhljóða.

## 3. Lagabreytingar

Fundarstjóri tilkynnti að engar lagabreytingar væru, þær voru teknar fyrir á síðasta aðalfundi og eru engar breytingar þar á.

## 4. Kosningar:

Kjósa átti um eftirfarandi sæti; formann, ritara og meðstjórnenda. Hjörtur Bergstað er sjálfkjörinn formaður þar sem enginn annar gaf kost á sér. Sem og Vigdís Matthíasdóttir og Skorri Steingrímsson, eru sjálfkjörin til stjórnar næsta árs, því engin var í mótframboði. Leifur Arason og Þórunn Eggertsdóttir buðu sig ekki fram í stjórn félagsins að nýju.

### Ný stjórn Fáks er því eftirfarandi:

151264-3529 Hjörtur Bergstað formaður  
010373-3019 Árni Geir Eyþórsson  
200868-4479 Hlíf Sturludóttir  
260970-4379 Íva Rut Viðarsdóttir  
170465-3509 Sigurbjörn Þórmundsson  
050474-4379 Þormóður Skorri Steingrímsson  
110590-2889 Vigdís Matthíasdóttir.

## 5. Kosing endurskoðenda.

Skoðunarmenn félagsins eru Sæþór Fannberg og Rakel Sigurðardóttir.

Ekki bárust mótframboð og voru þau því sjálfkjörin.



## 6. Ákvörðun félagsgjalds.

Tillaga stjórnar lá frammi um að félagsgjald verði hækkað um 1.000.- kr árið 2022 og verði það 17.500.- kr. Tillagan var samþykkt en einn sat hjá.

## 7. Önnur mál.

Sigurbjörn Bárðarson tók til máls. Hann talaði um að atvinnumenn á svæðinu ættu mikið og gott svæði fyrir sig, velli og annað. En innan kappreiðarvallarins, væri svæði sem væri tilvalið fyrir þrautabraut. Tillaga Sigurbjörns var svohljóðandi:

*að stjórn Fáks samþykkir að lögð verði þrautarbraut inn í stóra kappreiðarvellinum á skeiðvallarsvæðinu í Víðidalnum.*

Greinargerð: Þrautabraut mætti nýta til margvíslegrar þjálfunar, fyrir hinn almenna hestamann t.d. til undirbúnings fyrir ferðalög, þjálfa hrossin við margvísilegar aðstæður jafnframt að geta stundað léttu keppni með tímatöku og fleira.

Nokkrar umræður voru um tillöguna og var hún því næst borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Eyjólfur Pálason tók til máls. Talaði um fjármagn frá stjórvöldum og nefndi mismun á fjármagni til hestaíþróttar og skíðaiðkunnar. Þá talaði hann mikið um að Borgarráð hefði ekki skilning fyrir mannfjöldanum sem iðkaði sína íþrótt í Víðidalnum og væru þeir oft að miða við fjölda Fáksfélaga. En hér í á félagssvæði Fáks væru miklu fleiri að iðka sitt áhugamál og íþrótt en eru í félagatali Fáks. Með talningu á svæðinu, hve nýtingin sé mikil og hve margir ríða um svæðið væri hægt að sýna stjórnmálamönnum og Borginni hvað við erum mörg í raun og veru. Og þá auðveldara að sækja fleiri styrki og fjármagn til Borgarinnar. Eyjólfur er búinn að finna mann, sem er til í að setja talningarkerfið/mælinn upp og vill eindregið að Fákur gerir það. Einnig talaði Eyjólfur um rekstrarreglurnar á Skeiðhringnum, að það væri verið að brjóta þær mikið og við félagsmenn þyrftum að virða þær, annars yrði þessi rekstrarhringur tekinn af.



Formaður svaraði þessu máli, meðal annars nefndi fjármagn sem Reykjavíkurborg leggur til er töluvert mikið. En var sammála að setja upp mæli og það væri mjög áhugavert að sjá hversu margir ríða um svæðið okkar.

Dagný svaraði einnig að það er mikilvægt að telja fólk og reiðmenn á svæðinu, því það er alltaf verið að tala um félagatal. En eins og við vitum þá erum við, notendur félagssvæðisins ekki öll félagsmenn þó það væri best og ætti að vera. Við erum tæp 1500 manns í féluginu, en ætli það sé ekki um 3000-4000 manns sem stunda hestamennsku á félagssvæðinu.

Hjörtur nefndi símtal sem hann fékk frá Heilbrigðiseftirlitini um girðingar og taðmál. Í framhaldi af því setti Fákur út fréttatilkynningu um dagsetningu. Þetta eru reglur sem okkur eru settar og gert að tilkynna okkar félagsmönnum. Gámar, skítur út í móa og annað þarf að fjarlægja sem og þessar girðingar. Það er ekki leyfilegt að beita innan Reykjavíkurborgar.

Formaður þakkaði Einari Gíslasyni fyrir vel unnin störf á árinu og með von um áframhaldandi gott samstarf. Það getur verið erfitt að vera framkvæmdarstjóri Fáks þegar síminn stoppar ekki frá október fram í júlí. Viðveran er mikil hvort sem það er á virkum dögum, helgar, kvölds og morgna.

Stjórnarmönnum sem víkja úr stjórn, Leifur Arason og Þórunn Eggerts dóttir, þakkaði formaður fyrir góð og velunnin stjórnarstörf.

#### 8. Fundi slitið

Fundarstjóri óskaði eftir heimild fundarins til að ganga frá fundargerð með ritara fundarins og voru engin andmæli við því.

Formaður þakkar fundarstjóra og fundarritara fyrir störfin á fundinum og býður að lokum fundargestum að þiggja kaffi og veitingar.

Fundi er slitið 21:50.

  
\_\_\_\_\_  
Sigurbjörn Magnússon

Sigurbjörn Magnússon, fundarstjóri

  
\_\_\_\_\_  
Þórunn Eggerts dóttir, fundarritari